



HEILSULEIKSKÓLINN  
**ÁLFASTEINN**

-með sól í hjarta

Innra mat 2021-2022

Efnisyfirlit	
Inngangur .....	4
Nám, kennsla og námsumhverfi .....	5
Heilsustefna .....	5
Grænfáni .....	5
Jákvæður Agi.....	6
Læsisstefna.....	6
Umbótaáætlun.....	6
Skipulag.....	7
Áætlanir og skipulag.....	7
Umbótaáætlun.....	8
Mannauður .....	8
Starfsmannakönnun.....	8
Starfmannasamtöl.....	8
Sí- og endurmenntun .....	9
Umbótaáætlun.....	10
Nemendur .....	10
Teymisfundir .....	10
Líðan nemenda.....	10
EFI 2.....	10
Hljóm-2.....	11
MÍÓ .....	11
Foreldrar .....	11
Foreldrakönnun.....	11
Foreldraráð .....	12
Foreldrafélag.....	12
Sérkennsla skólaárið 2021-2022 .....	13
Skimanir og greiningar .....	13
Verkefni sérkennslustjóra .....	14
Samstarf við aðra skóla og stofnanir.....	15
Þelamerkurskóli .....	15
Listasafnið og minjasafnið.....	16
Slökkvilið Akureyrar .....	16
Samvinna við velferðarsvið .....	16
Öryggismál .....	17

Lóðarskoðun.....	18
Eldvarnaráætlun og æfingar .....	18
Vinnuaðastaða kennara og barna .....	18
Umbótaráætlun .....	18
Lokaorð .....	19

## Inngangur

Heilsuleiksskólinn Álfasteinn er ört vaxandi leikskóli rétt utan Akureyrar í Hörgársveit. Hann stendur ofan við þjóðveginn umlukinn trjágróðri og sveitasælu en nafn leikskólans er dregið af bóndabænum Dvergasteini sem er norðan við Álfastein.

Leikskólinn er þriggja deilda skóli en deildarnar eru Álfa-, Trölla- og Dvergadeild. Á Álfadeild eru yngstu börn skólans á aldrinum 1-2 ára og á Trölla- og Dvergadeild eru 2-6 ára gömul börn. Fjöldi barna þennan vetur fór í 70 börn við skólann í lok febrúar, fædd 2016 - 2021 og starfsmenn skólans voru orðnir 24 að vori 2022.

Einkunnarorð skólans eru „með sól í hjarta“ og er vísun í heilsustefnu skólans. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing og hollt mataræði skipar stóran sess í daglegu starfi. Leikskólinn starfar einnig eftir Jákvaðum aga en meginmarkmið Álfasteins taka mið af námssviðinum fjórum sem útlistuð eru í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011). Þessi markmið eru:

- Að börnin efli leik- og sköpunargleði sína (Sköpun og menning).
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum (Læsi og samskipti).
- Að börnin verði meðvituð og læs á náttúruna og umhverfið (Sjálfbærni og vísindi).
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu (Heilbrigði og vellíðan).

Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008* er leikskólum skylt að halda utan um innra mat leikskólastarfsins en þannig metur hver leikskóli með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Mat á skólastarfi er því órjúfanlegur þáttur í faglegu starfi svo framþróun eigi sér stað. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) kemur fram að með innra mati fær starfsfólk skólans upplýsingar um starfshætti skólans, stuðlað er að umbótum og auknum gæðum auk þess verður það liður í þróun skólastarfsins. Þegar unnið er að kerfisbundnu mati er auðveldara að greina hvað gengur vel, hvað fer miður og taka síðan ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaða.

## Nám, kennsla og námsumhverfi

### Heilsustefna

Álfasteinn hefur verið heilsuleiksskóli síðan 2013 og starfar innan þess ramma sem því fylgir. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing, hollt mataræði og sköpun skipa stóran sess í daglegu starfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Börnunum er boðið upp á fjölbreytta grænmetis- og baunarétti auk þess sem það er fiskur tvisar til þrisvar í viku. Matráður skólans sækist eftir því að kaupa matvöru úr heimabyggð og fær skólinn m.a. kartöflur, grænmeti (þegar það er til) og kjöt innan sveitarfélagsins eins og hægt er.

Í leikskólanum er hreyfing hluti af starfinu og fer starfsfólk leikskólans með börnin í skipulagðar hreyfistundir þar sem fylgst er með hreyfiþroska og færni þeirra í íþróttum en það er allt skráð í tilheyrandi heilsubækur. Markviss skráning í heilsubækurnar fer fram tvisar á ári, í afmælimánuði barnsins og sex mánuðum síðar.

Matslisti fyrir heilsustefnuna er fylltur út einu sinni á ári en tilgangur hans er að meta hvernig gengur að starfa eftir heilsustefnunni, hvað gengur vel og hvað má bæta. Listinn var fylltur út af starfsfólki vorið 2022 og voru niðurstöður sambærilegar síðustu ára. Flestir þættir komu mjög vel út og í raun sömu þættir og áður sem mætti áfram bæta líkt og að hafa meira af skapandi efnivið aðgengilegri fyrir börnin og nota fjölbreyttari leiðir við sköpun svo eitthvað sé nefnt.

### Grænfáni

Grænfáninn hefur verið hluti af stefnu skólans síðan 2007 en 2008 hlaut skólinn fyrsta grænfánann sinn. Umhverfisvitund, flokkun á rusli og nýting á fjölbreyttum efnivið er samofin starfi skólans en unnið er markvisst að ákveðnum verkefnum sem viðkoma grænfánamarkmiðum sem sett eru fyrir hverju sinni. Börn og starfsfólk skólans taka öll þátt og ákveða í sameiningu markmið fyrir hvert skólaár og hvernig vinna á að þeim markmiðum.

Veturinn 2021-2022 var komið að því að endurnýja þemað fyrir næstu tvo vetur. Grænfánanefndin hittist og tók þá ákvörðun að hver deild fyrir sig myndi koma með hugmyndir að næsta þema og saman yrði svo tekin endanleg ákvörðun. Einhver misskilningur varð á þessu auk þess sem covid og breytingar í starfsmannahópnum urðu til þess að þessu varð ekki fylgt eftir fyrir en líða fór á veturinn. Þá var ákveðið að þemað yrði

Lýðheilsa og tekin sú ákvörðun að markmiðasetning og annað skipulag yrði skoðað að hausti 2022.

### Jákvæður Agi

Jákvæður agi gengur út á að aga börnin með góðvild og festu, gefa þeim valkosti, taka tillit til tilfinninga þeirra og setja í samhengi við þá hegðun sem börnin sýna. Í flestum tilfellum er barnið að reyna að koma einhverju á framfæri með hegðun sinni. Veturinn 2021-2022 var gátlisti Jákvæðs aga fylltur út af starfsfólki skólans og kom hann svipað út og undanfarin ár auk þess sem nýtt starfsfólk og foreldrar fengu námskeið í jákvæðum aga.

### Læsisstefna

Læsisstefna skólans er byggð á *Læsi er lykillinn* sem er afrakstur þróunarstarfs leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu, fræðsluviði Akureyrarbæjar og Miðstöð skólaþróunar við HA. Ekki hefur markvisst verið unnið með stefnuna ennþá sökum framkvæmda við stækkun skólans, fjölgun barna og starfsfólks. Þar af leiðandi hefur annað verið í forgangi líkt og að koma jafnvægi á daglegt starf og kenna nýju starfsfólki á leikskólasamfélagið okkar.

Læsisnefnd hefur verið sett á laggirnar og er henni ætlað að gera læsisstefnunni hátt undir höfði og auka sýnileika hennar í námi og starfi og munum við nýta meira námsefnið „Lubbi finnur málbein“ sem er hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn.

Komið hefur verið á samstarfi milli Þelamerkurskóla og Álfasteins hvað varðar læsisstefnuna til að samræma milli skólastiga það sem verið er að gera og þá má byggja ofan á ákveðinn grunn þegar í grunnskólann er komið

### Umbótaáætlun

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Heilsustefna	Að heilsubókin verði á rafrænu formi fyrir alla árganga leikskólans.	Minnka þannig pappírnotkun og gera bókina aðgengilegri fyrir foreldra.	Næstu tveir vetur þar til allir árgangar hafa fengið rafræna bók.	Deildarstjórar og hópstjórar.	Að hausti, ár hvert fram til 2024.	Allir árgangar komnir með rafræna bók árið 2024.

<b>Grænfáni</b>	Að allt starfsfólk sé meðvitað og virkt í grænfánavinnu.	Kynna betur stefnuna fyrir starfsfólki.	Allur veturinn.	Grænfánanefnd.	Vor 2023.	Að starfsfólk vinni að þeim markmiðum sem hafa verið sett
<b>Jákvæður agi</b>	Að stefnan sé fastur liður í starfinu.	Gildin séu gerð sýnilegri og starfsfólk minni hvort annað á í daglegu starfi.	Allur veturinn.	Allt starfsfólk	Haust 2022 til vor 2023.	Að starfsfólk sé meðvitað um að nota orðaforða jákvæðs aga
<b>Læsisstefna</b>	Kynna læsisstefnuna fyrir starfsfólki. Aukin áhersla á hljóðkerfisvitund.	Allt starfsfólk kynni sér efni á heimasíðu <a href="mailto:lykilinn@akmennt.is">lykilinn@akmennt.is</a> og námsefnið Lubbi.	Allur veturinn.	Læsisnefnd og allt starfsfólk.	Haust 2023.	Að starfsfólk þekki til læsisstefnunnar og Lubba.

## Skipulag

### Áætlanir og skipulag

Gefin eru út dagatöl fyrir hvern mánuð og send á foreldra þar sem hægt er að fylgjast með starfinu hverju sinni. Þar koma fram viðburðir mánaðarins svo sem uppákomudagar, starfsmannafundir og námskeiðsdagar. Skóladagatal þar sem hægt er að sjá lokunardaga og uppákomudaga er einnig aðgengilegt inn á heimasíðu skólans auk þess sem það hangir uppi í skólanum. Foreldrafélagið ásamt sveitarstjórn samþykkir að vori skóladagatalið fyrir næstkomandi skólaár.

Haldið er úti *Facebook* síðu þar sem settar eru fréttir af starfinu og tilkynningar en einnig er hver deild með sinn hóp á *Facebook* þar sem foreldrar fá nánari upplýsingar um starf deildarinnar.

Búin er til matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem tekið er fram hvað skal meta yfir árið og þannig haldið utan um mikilvæga þætti auk þess sem hún er sýnileg er starfsfólki skólans.

## Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat: hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Facebook	Að starfsfólk sé duglegra að segja frá starfinu í máli og myndum.	Starfsfólk minni hvert annað á.	Veturinn 2021-2022.	Allt starfsfólk.	Haut 2022.	Að starfið sé sýnilegt á facebook.

## Mannauður

### Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir starfsfólk á vorönn 2022 og var notast við skólapúlsinn líkt og í foreldrakönnuninni. Heilt yfr kom könnunin vel út og starfsfólk almennt ánægt í starfi. Þó voru nokkur atriði sem þarf að bæta en fram kom að virkar samræður um starfið mættu vera meiri, auka mætti samstarf milli deilda og bæta mætti upplýsingar um úrræði vegna sérkennslubarna. Nú þegar hefur verið lagst í úrbætur og ætlum við að auka samstarf milli deilda með því að auka flæði starfsfólks og barna milli deilda, sérkennslustjóri og skólastjóri munu funda hvernig má auka upplýsingaflæði og kynna úrræði fyrir starfsfólki. Til að auka samræðu starfsfólks milli deilda um starfið var ákveðið að setja saman teymi um okkar helstu stefnur, sem samanstendur af einum til tveimur starfsmönnum af hverri deild, stjórnendum og matráðum. Næsta vetur verðum við því með grænánateymi, læsisteymi, jákvæðsagateymi, stærðfræðiteymi, heilsustefnuteymi og innramatsteymi. Teymin hittust einu sinni á hvorri önn og oftast ef þörf er á.

Fram kom í starfsmannakönnuninni að þróunarstarf hefur verið takmarkað en í raun má segja að sú stækkun sem fylgt hefur skólanum sé ákveðið þróunarstarf þar sem ekki alltaf þarf að vinna að ákveðnu verkefni eða kennsluáðferðum til að hægt sé að kalla það þróunarstarf.

### Starfmannasamtöl

Starfmannasamtöl við skólastjóra eru einu sinni til tvisvar á ári. Veturinn 2021-2022 var bæði starfsmannakönnun þar sem notast var við skólapúlsinn auk þess sem skólastjóri tók starfsfólk skólans í samtöl. Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar og starfsmannasamtalanna samræmdumst í svörum en fram kom í samtölum að starfsfólk upplifði þungan vetur vegna



mikilla veikinda í starfsmannahópnum en Covid á þar hlut að máli. Einnig talaði starfsfólk um að það tekur á þolinmæðina að stækka leikskólann ár eftir ár og þróa starfið í takt við það. Þennan vetur var verið að prufa sig áfram með nýja 28 barna deild sem opnuð var í mars 2021 og var fullsetin frá áramótum. Starfið þar gekk ágætlega en eins og eðlilegt er þarf að sníða ýmsa vankanta af fyrsta skólaárið. Starfsfólk talaði auk þess um að ferðin sem farin var á skipulagsdegi leikskólans til Húsavíkur hafi haft góð áhrif og hrist hópinn saman í haustbyrjun.

### Sí- og endurmenntun

Veturinn 2021-2022 voru fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk skólans. Deildarstjórar fengu fyrirlestur um skráningu í rafræna heilsubók auk þess sem nýjir deildarstjórar fengu námskeið um verndara barna. Nýtt starfsfólk skólans fékk námskeið í jákvæðum aga, skyndihjálpi, MÍÓ og bragðlaukaþjálfun.

Allt starfsfólk skólans fékk fyrirlestur um Fiskinn en hugmyndafræðin á bakvið það kennir ákveðið viðhorft til vinnunar þar sem jákvæðni og gleði er alls ríkjandi sama hver vinnan er. Kristín Dýrfjörð kom til okkar með fyrirlestur um viðbrögð við einelti í leikskólastarfi og hvernig einelti getur birst í starfi hjá bæði börnum og fullorðnum. Allt starfsfólk skólans fór í heimsókn á Hrafnagil þar sem við fengum kynningu á því hvernig útiskólanum hjá þeim er háttað. Einnig fór allt starfsfólk í sólarhringsferð til Húsavíkur á sjálfsræktarnámskeið með markþjálfunarívafi auk þess sem útisvæði leikskólans á Húsavík var skoðað og Hvalasafnið. Öryggistrúnaðarmaður skólans fór á námskeið hjá vinnueftirliti.

Trúnaðarmenn skólans fóru á námskeið hjá FL og Einingu/löju, leikskólastjóri fór á námskeið hjá HR um breytingastjórnun auk þess sem gerð var tilraun þar sem starfsfólki skólans bauðst að velja sér námskeið að eigin vali og þannig vinna af sér námskeiðsdag þar sem námskeiðin voru á fjölbreyttum tímum. Þetta tóks vel til og voru námskeiðin fjölbreytt sem nýtast í starfi og fengum við kynningar á þeim á starfsmannafundi.

Skipulagt var að hafa námskeið um mikilvægi frjálsa leiksins en sökum Covids tókst það ekki, auk þess sem fyrirhugað var að fá fyrirlestur um kynbundið og kynferðis ofbeldi en gekk illa að ná til námskeiðshaldara þannig því var frestað um einhvern tíma.

## Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvar, hvenær	Viðmið um árangur
Kynna stefnur	Að öllu nýju starfsfólki séu kynntar stefnur skólans.	Virkja eldra starfsfólk til að deila þekkingu sinni.	Allur veturinn 2021-2022.	Deildarstjórar og eldra starfsfólk skólans.	Haust 2023.	Að nýtt starfsfólk hafi upplifað að fá almennilega kynningu á starfinu.

## Nemendur

### Teymisfundir

Teymisfundir eru haldnir þegar þurfa þykir eða við úrvinnslu ákveðinna mála og koma þá fleiri að þeim fundum líkt og sérkennslustjóri, skólastjóri, starfsfólk frá fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar auk velferðarsviðs.

### Líðan nemenda

Við höfum ekki verið að kanna markvisst líðan nemenda skólans en í heilsubók barnanna er spurningablað fyrir hvert ár þar sem börnin eru spurð út í skólastarfið og lesa má á milli línanna þar hvernig líðan barns í leikskólanum er. Einnig er talað um líðan og rætt við börnin á barnafundum sem er hluti af jákvæðum aga en þar talar eitt barn í einu og hin hlusta en málefni hvers fundar er fjölbreytt og fer eftir þroska og getu barnanna.

### EFI 2

Öll börn leikskólans eru skimud með málþroskaprófinu EFI-2 en prófinu er ætlað að greina ef frávik eru í málþroska. Prófið kannar skilning og tjáningu og eru börnin á bilinu 3,6 til 4,0 ára þegar prófið er tekið. Kennarar þurfa á réttindanámskeið til að mega leggja prófið fyrir.

Niðurstöður þessa skólaárs sýndu að flest börnin komu vel út líkt og hefur verið undanfarin ár. Unnið er markvisst með þau börn sem þarf að styrkja í skilning og tjáningu og þeim vísað til talmeinafræðings í málþroskapróf eftir því sem þörf er á.

## Hljóm-2

Hljóm-2 er lagt fyrir elstu börn leikskólans og prófar hljóðkerfisvitund barnanna. Rannsóknir hafa sýnt að slök færni í Hljóm-2 getur verið vísbending um að barn eigi við lestarefðleika að stríða þegar komið er upp í grunnskólann. Prófið kannar ákveðna þætti líkt og samsett orð, rím, orðhlutaeyðingu ofl. Börnin eru prófuð í september og þau sem koma slök út eru prófuð aftur í febrúar til að meta hvort framför hafi orðið eða grípa þurfi til markvissari aðgerða til að styrkja börnin. Niðurstöður í Hljóm-2 veturinn 2021-2022 sýndu að flest börnin voru í meðalfærni en börnin sem kom út slök að hausti voru komin í meðalfærni að vori.

## MÍÓ

MÍÓ er skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla sem fer fram í daglegu starfi skólans. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngu sinni og tekur matið til þriggja meginviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi. Veturinn 2021-2022 var farið markvisst af stað með stærðfræðihópa fyrir börn fædd 2016-2018. Fjölbreytt verkefni voru unnin; talning, formin og fleiri hugtök sem tengja má í stærðfræðina og leggja grunn að kunnáttu með stærð og fjölda svo eitthvað sé nefnt.

## Foreldrar

Góð samvinna við foreldra er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og eiga foreldrar að fá að hafa áhrif á starfið. Við upphaf skólagöngu er aðlögunarsamtal, þá hittir deildarstjóri foreldra verðandi skólabarna, fyllir út pappíra um barnið og segir frá starfi leikskólans, kynnir foreldra fyrir starfsfólki deildarinnar og sýnir þeim skólann. Deildarstjóri hittir foreldra aftur um þremur mánuðum eftir að barnið byrjar í leikskólanum, þá er rætt hvernig aðlögun hefur gengið og hver upplifun foreldra og kennara er.

Foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtal í afmælimánuði barnsins og þá er farið yfir heilsubókina, almenna líðan og annað sem foreldrar og/eða kennari telja þörf á.

Ef þörf eru foreldrasamtöl oftast yfir árið og foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali.

## Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er lögð fyrir foreldra annað hvert ár, á oddatöluári. Tekin var ákvörðun í haust taka upp nýjan hátt þegar kemur að foreldrakönnun og notast við skólapúlsinn og var því foreldrakönnun lögð fyrir að vori 2022. Ástæða breytinga var að vegna fjölgunar barna við skólann, nýrra foreldra og stækkunar skólans yrði könnunin marktækari á stöðu skólans í lok skólaárs, þegar reynsla yrði komin á starfið.

Foreldrakönnunin fór fram að vori 2022 líkt og fram hefur komið og var henni skipt upp í fimm þætti auk opinna spurninga. Heilt yfir kom könnunin vel út þar sem við fengum hátt skor í flestum matsþáttum en helst mættum við bæta okkur í matsþættinum „samskipti við foreldra“ en þar kom fram að foreldrar upplifðu að upplýsingamiðlun mætti vera betri. Við höfum nú þegar lagst í aðgerðir til að bæta þann þátt. Almenn hrósuðu foreldrar starfinu á leikskólanum og töluðu um að fjölbreytni væri mikil. Þeim fannst starfsfólk hafa gott viðmót og mikinn metnað fyrir starfinu. Ánægja var með matseðil leikskólans. Nokkrir foreldrar töluðu um að það væri gaman ef kennarar gætu gefið sér meiri tíma í spjall um barnið þegar það er að koma eða fara. Einnig mætti senda heim meira af myndum og auka upplýsingaflæðið um hvað börnin eru að gera hverju sinni. Foreldrar eru mjög ánægðir með tónlistarkennarann frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar sem kemur 1x sinni í viku og er með tónlistarstund fyrir tvo elstu árgangana.

### Foreldraráð

Haustið 2008 var stofnað foreldraráð í samræmi við ný leikskólalög IV. kafla 11. grein og eru foreldraráðsmenn jafnframt stjórnarmenn foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, smb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### Foreldrafélag

Við leikskólann Álfastein er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra við starf leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með dvalargjaldi leikskólans og er 300 kr. á mánuði í 11 mánuði á ári. Aðalfundur foreldrafélagsins fór fram haustið 2021 þar sem fráfarandi stjórn skilaði af sér skýrslu fyrir veturinn og sá um stjórnarstörf á fundinum, en einnig var kosin ný stjórn sem tók við fyrir komandi vetur. Sonja Magnúsdóttir talmeinafræður hélt fyrirlestur fyrir foreldra eina kvöldstund þar sem hún kynnti áhrif notkunar snuða á talfærin. Einnig fræddi hún foreldra um áhrif tunguhafts á brjóstgjöf, fæðuinntöku og hljóðamyndun/framburð í máltöku.

## Sérkennsla skólaárið 2021-2022

Í vetur var staða sérkennslustjóra 25% fram að áramótum en frá 1. janúar 2022 var aukið við hana vegna stækkunar leikskólans og aukins barnafjölda og er hún núna 50% staða. Frá haustinu var einnig stuðningur við Dvergadeild vegna barna sem þurfa aðstoð í daglegu lífi og á vorönn bættist við stuðningur við barn á Álfadeild. Talmeinafræðingur hefur komið inn í leikskólann einu sinni í viku til að hitta nokkur börn. Samningadeila Félags íslenskra talmeinafræðinga og Sjúkratrygginga Íslands stóð yfir fram yfir áramót en á meðan borgaði sveitarfélagið fyrir þjónustu talmeinafræðingsins.

Vegna aukins barnafjölda eftir áramót var tekið á það ráð að nota sérkennsluherbergið fyrir barnahóp á matmálistímum og svefn í hádeginu. Sú aðstaða er því ekki til taks fyrir sérkennslu á þeim tímum lengur.

### Skimanir og greiningar

Vinnuferli sérkennslumála:

- Deildarstjóri/kennari ræðir við foreldra barns ef ástæða þykir til að athuga eitthvað í þroska þess og meta hvort þörf er á aðkomu sérkennslustjóra.
- Sérkennslustjórinn, kennarar og foreldrar ræða saman. Það eru gerðar athuganir eftir þörfum (fylla út lista, taka myndbönd, gera skráningar) og gerð er áætlun þar sem sett eru fram markmið og leiðir að þeim. Unnið er eftir henni í ákveðinn tíma og árangur metinn.
- Ef talin er þörf á greiningu eða aðstoð sérfræðinga, t.d. talmeinafræðinga, er gerð tilvísun og send á Fræðslu- og Lýðheilsusvið Akureyrarbæjar ásamt athugunum sem hafa verið gerðar. Foreldrar leita til heilsugæslulæknis til að fá beiðni í sjúkraþjálfun eða iðjuþjálfun.
- Sérkennsluráðgjafi frá Fræðslusviði getur komið í leikskólann til að fylgjast með og gera athuganir, kennarar gætu þurft að fylla út fleiri lista og foreldrar gætu þurft að fylla út lista, fara í viðtöl og/eða mæta með barnið í athuganir/mat á Akureyri.  
(Forgreining)
- Haldinn er fundur þar sem farið er yfir niðurstöður forgreiningar og ákveðið hvað gera skal í framhaldi af því.

- Einstaklingsnámskrá er gerð og teymi myndað sem hittist reglulega (oft á 6-8 vikna fresti). Í teyminu eru foreldrar, kennari, sérkennslustjóri og sérkennsluráðgjafi ásamt fleiri sérfræðingum sem koma að barninu.
- Barninu getur verið vísað í nánari greiningu t.d. á Ráðgjafar- og greiningarstöð, Proska- og hegðunarstöð, sjálfstætt starfandi sérfræðinga eða Bug teymi sjúkrahúss Akureyrar.

Þeir athugunarlistar og greiningartæki sem notuð eru í leikskólanum eru EFI-2 málþroskaskimun, Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund), TRAS skráning á málþroska, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn (mál- og hreyfiþroski), ASEBA (hegðun, samskipti), Íslenski máhljóðamælirinn (athugun á framburði). Sérfræðingar á Fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar óska eftir öðrum listum þegar barn er komið í forgreiningarferli þar ef ástæða þykir til. Talmeinafræðingar gera málþroska- og framburðarpróf, sjúkrapjálfar og iðjuþjálfar gera próf sem meta hreyfifærni (gróf- og fínhreyfingar).

### Verkefni sérkennslustjóra

- Gerð áætlana og einstaklingsnámskráa, endurmat á þeim.
- Gera athuganir, vinna við tilvísanir, fundargerðir og ýmsar skýrslur tengdar sérkennslumálum
- Fræðsla og ráðgjöf til kennara sem sinna börnunum í daglegu lífi.
- Ráðgjöf og samstarf við foreldra
- Samstarf við stjórnendur leikskólans (leikskólastjóra og deildarstjóra)
- Samskipti við sérfræðinga á Fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrar og samstarf við aðra sérkennslustjóra
- Samskipti við talmeinafræðinga
- Hafa umsjón með námsefni sem tengjast sérkennslu
- Koma upplýsingum um Lubbahljóð vikunnar til kennara og foreldra
- Kynnti sér ýmislegt tengt sérkennslu m.a. námskeið um leikskóla fyrir alla (aðferðir sem bæta hegðun og líðan barna) og námskeið um kvíða barna (einkenni og leiðir til að hjálpa börnum með kvíða).

Frá hausti 2021 til vors 2022 hafði sérkennslustjórinn einhver afskipti af 22 börnum sem gerir um 31% af heildarfjölda barna á Álfasteini eins og hann var í maí 2022. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en árið áður, fleiri mál þar sem börnum fer fjölgandi og einnig flóknari mál en

áður. Flest þurftu þau á málörvun og/eða framburðarþjálfun að halda, 3 börn eiga annað foreldri af erlendum uppruna og 1 barn byrjaði hjá okkur sem talaði enga íslensku. Alls voru 11 börn sem fengu þjónustu talmeinafræðinga, 9 hjá talmeinafræðingnum sem kemur í leikskólann vikulega og 2 hjá talmeinafræðingi sem sérhæfir sig í tunguhöftum og vanda við matarinntöku. Eftir áramót voru tvö börn að fara reglulega í sjúkraþjálfun og annað þeirra hitti að auki iðjuþjálfu.

Sérkennsluráðgjafi Fræðslu- og Lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar hefur komið að málum þriggja barna í vetur með ráðgjöf til okkar og foreldra barnanna og situr reglulega teymisfundi vegna þeirra. Skimunarfundir með sálfræðingi vegna forgreiningar 3 barna voru haldnir í vetur þar sem verið var að athuga einkenni einhverfu og ADHD. Tilvísun í þroskamat fyrir eitt barn var send vorið 2022 en það er nokkuð löng bið eftir því. Í vetur skrifuðum við þrjú bréf til Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar sem óskaði eftir upplýsingum um börn í leikskólanum. Skrifuð voru tvö bréf til grunnskóla vegna barna sem hafa verið með sérstaka aðstoð í leikskólanum en eru að fara í grunnskóla haustið 2022 og skilafundir haldnir vegna þeirra. Samskipti við sérfræðinga, vinna við tilvísanir, teymisfundi, einstaklingsnámskrár, greinargerðir og bréf hefur aukist nokkuð frá fyrri árum.

## Samstarf við aðra skóla og stofnanir

### Þelamerkurskóli

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Flest börnin fara í Þelamerkurskóla þegar leikskóladvöl lýkur og því höfum við í samvinnu við Þelamerkurskóla skipulagt samstarf milli skólanna.

Fimm ára börnin fara í tvær heimsóknir í Þelamerkurskóla á haustönninni. Þá skoða börnin skólann og hitta nemendur og kennara 1. bekkjar, í seinni heimsókninni eru þau inní kennslustofu með 1. bekk í ýmsum verkefnum. Á vorönninni eru einnig tvær heimsóknir. Í þeirri fyrri eru börnin í kennslustund með 1. bekk, fara í frímínútur og taka þátt í ávaxtatíma, og í seinna skiptið fara þau í íþróttir eða tónlistartíma og borða hádegismat í skólanum. Á

vorönninni koma 1. og 2. bekkur í heimsókn í leikskólann og að þessu sinni var horft á leikrit og leikið saman. Í maí fara 5 ára börnin með foreldrum sínum í heimsókn í skólann og á skólaslitum grunnskólans bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau svo formlega velkomin sem verðandi fyrstu bekkinga næsta haust.

Veturinn 2021-2022 var ekki hægt að fara í heimsóknir í skólann fyrir áramót vegna Covid. Heimsóknir voru því með öðru sniði, skólahópurinn fór í heimsóknir í grunnskólann um það bil einu sinni í mánuði eftir áramót og fengu börnin að upplifa fjölbreytt starf. Þau tóku þátt í íþróttum, fóru í útiskólann, borðuðu í hádegismat og horfðu á generalprufu fyrir árshátið skólans.

### Listasafnið og Minjasafnið

Í nóvember fór skólahópur í heimsókn á Minjasafnið á Akureyri og fræddust börnin um jólashald og jólasveinnana í gamla daga. Eftir áramótin fór skólahópur á Listasafnið á Akureyri. Skoðuð var sýningin *Sköpun bernskunnar* sem sýnir verk eftir leik og grunnskólabörn á Akureyri. Börnin fengu leiðsögn um safnið og þau frædd um listaverkin og höfðu gaman af.

### Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar hefur um árabíl veitt elstu börnum leikskólans fræðslu um eldvarnir. Eldvarnarfulltrúi kemur í heimsókn að hausti ásamt slökkviliðsmanni í fullum skúða á slökkviliðsbíl. Börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn, sagt er frá mikilvægi eldvarna og þeim afhent efni sem nýtist til innra eftirlits í eldvarnarmálum á leikskólanum. Börnin sinna innra eftirliti með aðstoð Loga og Glóðar, það felst í því að börnin (tvö börn í mánuði ásamt kennara) fara með gátlista um leikskólann og merkja við hvort allt sé eins og það á að vera, athuga hvort ljós lifi við neyðarútgang, ruslasöfnun sé í lágmarki og ekkert sé fyrir neyðarútgöngum. Að vori fara elstu börnin ásamt kennara í heimsókn á Slökkvistöðina á uppskeruhátíð þar sem eru grillaðar pylsur og sprellað með börnunum. Farið var í maí 2022 og skemmtu börnin sér vel þrátt fyrir óspennandi veður þann daginn.

### Samvinna við velferðarsvið

Hörgársveit er í samvinnu við velferðarsvið Akureyrarbæjar og kemur starfsfólk frá velferðarsviði í leikskólann og veita ráðgjöf og leiðbeiningar til skólastjóra og starfsfólks.

Elva Haraldsdóttir er yfir sérkennslumálum en hún kemur reglulega í skólann og veitir ráðgjöf. Einnig kemur hún í heimsóknir þar sem hún er inn á deildum að fylgjast með



ákveðnum börnum og gefur síðan ráð eða leiðbeiningar til sérskennslustjóra hver næstu skref eru ef þau þarf að taka.

Erna Ingvarsdóttir hittir leikskólastjóra og veitir faglega ráðgjöf hvað varðar stjórnnum og skipulag.

Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi, kemur í skólann og metur almennt starf og gefur leiðbeiningar bæði hvað er gott og hvað má betur fara. Veturinn 2021-2022 kom hún í nokkra daga og fylgdist með starfinu inn á deildum. Heilt yfir var hún ánægð með starfið og starfsfólk, nefndi hvað börnin væru örugg og rólegt væri yfir skólanum sem er mjög jákvætt.

## Öryggismál

Húsvörður Hörgársveitar sér um rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans á þriggja mánaða fresti. Einu sinni á ári fer fram aðalskoðun á útileiksvæði leikskólans sem framkvæmd er af starfsmanni BSI, samkvæmt reglugerð 942/ 2002 um öryggi leikvallatækja. Starfsmaður frá Eldvarnareftirliti skoðar húsnæði leikskólans að hausti ár hvert, þá er skoðað hvort slökkvitæki og eldvarnarteppi séu í lagi, neyðarljós séu virk og neyðarútgangar séu opnir. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er Securitas en það er yfirfarið af Ljósgráfanum einu sinni á ári ásamt neyðarljósum. Starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra kemur einu sinni á ári í leikskólann og skoðar húsnæði, húsbúnað skólans og útileiksvæði.

Í lok maí 2021 kom starfsmaður á vegum BSI og tók út útileiksvæðið. Skoðun kom vel út en bent var á klemmuhættu á hliði við skólann, rætur sem stóðu upp úr jörðu og viðhald við leiktæki. Þetta var allt lagað en framkvæmdir við lóð voru gerðar sumarið 2021 og þau leiktæki sem bent var á að þyrfti að skoða fjarlægð þar sem þau voru komin til ára sinna og ný leiktæki sett í staðinn auk þess sem rætur af trjám voru fjarlægðar og lóðinni breytt. Þessar framkvæmdir eru annar hluti í lóðarframkvæmdum en áfram er fyrir séð stækkun á húsi leikskólans auk breytinga á lóð, þ.e. þriðji hluti lóðar verður framkvæmdur sumarið 2022.

Starfsmaður frá heilbrigðiseftirliti norðurlands kom í febrúar 2022 og tók út húsnæði skólans og kom sú skoðun vel út. Bent var á að hækka þyrfti hliðarvarnir á skiptiborði inn á einni deild og laga klemmuvarnir á hurðarflekum inn á klósetti barnanna á sömu deild. Þetta var lagað fljótt.

Einn starfsmaður skólans er kosinn öryggisvörður og sér hann um að allt sé til fyrirmyndar líkt og skipurit um flóttaleiðir ef eldur kviknar, skipurit um verkferla þegar áföll koma upp og fleira sem viðkemur öryggi starfsfólks og barna í húsinu.

### Lóðarskoðun

Líkt og fram kom hér að ofan fer húsvörður sveitarfélagsins yfir lóðina á þriggja mánaða fresti en einnig fer starfsmaður skólans á hverjum degi og yfirfer lóðina hvort eitthvað rusl eða annað sem talist gæti verið skaðlegt fyrir börnin sé á lóðinni. Í forstofu eldri deilda hangir uppi blað sem sá starfsmaður skráir á hvort lóðin hafi verið skoðuð og ef eitthvað fannst á lóð hvers kyns það var.

### Eldvarnaráætlun og æfingar

Einu sinni á ári er haldin brunaæfing, þá fer brunabjalla leikskólans í gang og öllum er skylt að drífa sig út líkt og um alvöru eld væri að ræða. Það fer eftir staðsetningu í húsi á hvaða svæði hver og einn fer (samkvæmt brunaáætlun) Eftir að æfingu er lokið er metið hvernig til tókst og hvort þörf sé á úrbótum.

### Vinnuaðstaða kennara og barna

Veturinn 2020-2021 kom vinnueftirlitið og tók út aðstöðuna í skólanum. Aðbúnaður fyrir börn og starfsfólk skólans þótti til fyrirmyndar en bent var á að öryggistrúnaðarmaður þyrfti á námskeið auk þess sem útbúa þyrfti áætlun um öryggi og hollustuhætti.

Öryggistrúnaðarmaður lauk námskeiðinu í vetur og áætlun um öryggi og hollustuhætti er tilbúin.

### Umbótaráætlun

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrðgar aðili/ar	Endurmat ; hvar, hvenær	Viðmið um árangur
Lóðarskoðun	Skerpa á lóðarskoðun á hverjum degi þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir við hús og lóð.	Lóð skoðuð á hverjum degi og merkt við hvern dag fyrir sig af ábyrgðaraðila.	Veturinn 2021-2022	Deildarstjórar og leikskólas tjóri	Haust 2022	Að lóðarskoðun verði hluti af daglegu starfi.

## Lokaorð

Veturinn gekk heilt yfir vel þrátt fyrir erfiðan tíma þegar covid stakk sér niður í skólann með miklum fjarverum vegna veikinda hjá starfsfólki og börnum. Þennan vetur var skólinn rekinn í fyrsta sinn sem þriggja deilda skóli og varð ákveðið þróunarstarf í skólanum líkt og fylgir stækkandi skóla með auknum barnafjölda og starfsfólki. Skipulagsbreytingar voru því óhjákvæmilegar sem reyndist jákvætt og mikill lærdómur sem fylgdi því jafnt fyrir skólastjórnendum sem og starfsfólk.